

## Stofnanasamningur

### 1) Inngangur

Starfsmannafélag Fjarðabyggðar annarsvegar og Heilbrigðisstofnun Austurlands hins vegar gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um röðun starfa við stofnunina samkv. ákvæðum greinar 2 í kjarasamningi félaganna og Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1. maí 2015.

### 2) Gildissvið

Samkomulag þetta nær til þeirra félagsmanna í Starfsmannafélagi Fjarðabyggðar (STAF) sem ráðnir eru til starfa hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands.

### 3) Markmið

Samstarfsnefnd er sammála um eftirfarandi markmið.

- Að launakerfið sé gagnsætt og samræmt.
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- Að launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissrar vinnu og aukinna afkasta.
- Að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.
- Að launakerfið gefi kost á að frammistaða og hæfni einstaklinga í starfi sé metin og feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk til framgangs í starfi.
- Að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði aukin með markvissri endurmenntun.
- Að starfsmenn fái tækifæri til starfsþróunar innan stofnunar.

### 4) Starfaflokkun og röðun starfa

- a) Við grunnröðun félagsmanna í launaflokka skal styðjast við starfslýsingar (Fylgiskjal)
- 2). Í starfslýsingu skal koma fram hver helstu viðfangsefni starfsmanns eru, ábyrgð (verkefnaleg og stjórnunarleg), þekking og hæfni (menntun, reynsla, sérhæfing) og staða innan skipurits. Röðunarreglur þessar fela ekki í sér breytingar á núverandi störfum eða starfslýsingum starfsmanna þó geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega.

#### b) Almennar forsendur röðunar

Við röðun starfa í launaflokki skal taka mið af eðlis starfs, þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, færni, menntun, umfangi verkefna eins og fram kemur í starfslýsingu eða viðvarandi verksviði starfsmanns. Röðun í launaflokka er lágmarksröðun. Grunnröðun tekur mið af eftirfarandi meginlýsingu starfa.

**5) Persónubundnir þættir**

**a) Formleg menntun umfram grunnkröfur starfs allt að:**

Starfsmaður sem hefur

- Skipulagt eins til tveggja ára nám sem nýtist í starfi 1 þrep
- Skipulagt þriggja ára nám eða lengra sem nýtist í starfi 2 þrep
- Námskeið sem metin eru að jafngildi a.m.k. 60 klst eða 5 eininga. 1 þrep
- Námskeið sem metin eru að jafngildi a.m.k. 120 klst eða 10 eininga. 1 þrep
- Námskeið sem metin eru að jafngildi a.m.k. 180 klst eða 15 eininga. 1 þrep
- Námskeið sem metin eru að jafngildi a.m.k. 240 klst eða 20 einingar. 1 þrep
- Nám í háskóla fyrir hverjar 30 ESTC einingar sem nýtast í starfi 1 þrep

Ein eining er 12 kennslustundir eða 1 vika samfellt. Einungis skulu metin samfelld námskeið, eða námskeiðshlutar sem teljast 1/2 eining hið minnsta 6 kennslustundir.

Hækkun skv. gr. 5a getur mest orðið 6 þrep . með sérstöku sérnámi.

**b) Framhaldskóla- og Háskólanám (sérstakt sérnám - sérfrávik)**

Hafi starfsmaður framhaldsnám eða sérnám, sem nýtist í starfi, og lokið er með viðurkenndri prófgráðu, skal meta það sérstaklega til launaflokkshækkunar. Hafi starfsmaður master eða doktorspróf sem nýtist í því starfi sem hann sinnir, skal meta það þannig:

- Stúdentspróf 1 lfl. til viðbótar
- Háskólamenntun BS/BA nám 1 lfl. til viðbótar
- MS-próf eða meistararéttindi 2 lfl. til viðbótar
- Doktorspróf 2 lfl. til viðbótar

Hækkun skv. gr. 5b getur mest orðið 6 launaflokkar

**c) Starfsreynsla. Með aukinni starfreynslu innan HSA skal starfsmaður hækka:**

- Starfsmaður með 3 ára starfsreynslu innan HSA 1 lfl.
- Starfsmaður með 6 ára starfsreynslu innan HSA 1 lfl.
- Starfsmaður með 10 ára starfsreynslu innan HSA 1 lfl.
- Starfsmaður með 20 ára starfsreynslu innan HSA 1 lfl.

Hækkun skv. gr. 5c getur mest orðið 4 launaflokkar. vegna starfsreynslu.

**d) Mat á einstökum störfum, hæfni og frammistöðu**

Við röðun einstakra starfa sem greint er frá í fylgiskjali 1. Eða ef um er að ræða aukin verkefni, aukin mannaforráð eða ábyrgð sem ekki eru tilgreind í fylgiskjali 2 (starfslýsingar). Heimilt er stofnun að meta til viðbótar við röðun starfsheita samkvæmt fylgiskjali 1 eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tilliti til þeirra í grunnröðun:

- hvort starfið teljist umfangsmikið/fjölbætt 1 lfl.

- hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð 1 lfl.
- hvort starfið feli í sér flókin eða vandasöm verkefni 1 lfl.
- hvort krafist sé sérst. hæfni umfram það sem alm. gerist 1 lfl.

Ennfremur er heimilt að taka mið af öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun.

**Hækjun skv. gr. 5d getur mest orðið 4 launaflokkar vegna mats á einstökum störfum**

**e) Tímabundin störf**

Heimilt er að meta tímabundna þætti allt að tveimur launaþrepum fyrir verkefni, sem yfirmaður getur falið starfsmanni sínum, sem geta varað að hámarki 3 mánuði en þó ekki styttra en 1 mánuð. Þau geta verið eftirfarandi:

- tímabundin aukin ábyrgð
- innleiðing verkefna
- þróun og nýsköpun

Verkefnið skal áður en það hefst vera tímasett með byrjunar og endadagsetningu.

**Hækjun skv. gr. 5e getur mest orðið 2 þrep vegna tímabundinna starfa**

**6) Hlutverk samstarfsnefndar og meðferð ágreiningsmála**

Ef ágreiningsmál koma upp vegna röðunar starfsmanna í launaflokka samkvæmt samnings þessum er skal ágreiningi vísað til til samstarfsnefndar HSA og FOSA.

**7) Gildistími og endurskoðun**

Aðilar eru sammála um að samningur þessi taki gildi 1. júní 2017.


Endurskoða skal samning þennan eigi sjaldnar en annað hvert ár getur hvor aðili um sig óskað eftir endurskoðun á samkomulagi þessu, ef breytingar verða á starfsemi stofnunar, einingar innan stofnunar eða á störfum einstakra starfsmanna.


**8) Bókanir**

- a) Hækjun vegna námskeiða og starfsaldurs taki gildi mánuði eftir að gögnum er skilað inn til launaskrifstofu HSA.

**Neskaupstað 20. nóvember 2017**

F.h. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

  
Nina Þorunn Guðmundsson

  
F.h. STAF  
Björnulfur Hallgrímsson

FYLGISKJAL 1

Með samkomulagi samstarfsnefndar STAF og Heilbrigðisstofnunar Austurlands dagsettu 16. nóvember 2017. Tekur ný röðun gildi frá 1. Júní 2017.

Grunnröðun starfa STAF hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands er byggð á fyrirliggjandi starfslýsingum stofnunarinnar.

Launaflokkar:

**Ófaglært starfsfólk**

Aðstoðarfólk	8
Ritari/móttökuritari/deildarritari	8

**Faglært starfsfólk og/eða starfsfólk með sérþekkingu**

Aðstoðarmatráður	11
Heilsunuddari	9
Röntgenmyndari	9
Skrifstofumaður 1	10
Skrifstofumaður 2	10
Heilbrigðisritari	10
Læknaritari	11

**Ófaglært starfsfólk með stjórnun**

Forst.m. þvottahúss	10
Ræsingarstjóri	10
Þjónustustjóri	11

**Starfsfólk í stjórnun eða með sérverkefni með sérþekkingu og/eða menntun**

Ráðsmaður	10
Ráðsmaður 3 - meistari í iðngrein	12
Ráðsmaður 4 - meistari í iðngrein með verkstjórn	14
Lyfjatæknir	12
Launafulltrúi	11
Skrifstofumaður 3	11
Skrifstofumaður 4	11

**Stjórnendur deilda**

Aðalbókari	15
Deildarstjóri innkaupa	14
Deildarstjóri þjónustudeildar	13
Matráður (matreiðslumeistari/matartæknir)	13
Kerfisstjóri	21
Rekstrarstjóri	21
Forstöðumenn	26

P.B/H  
BB  
P.D